



## 7. AÐALFUNDUR FÉLAGS GRUNNSKÓLAKENNARA 17.-18. maí 2018

---

### ÁLYKTUN UM FRÆÐSLU OG STYRKTARSJÓÐ FG

---

Sjöundi aðalfundur Félags grunnskólakennara haldinn 17.- 18. maí 2018 hvetur stjórn FG og Fræðslu- og kynningarsjóð til að efla enn frekar starfsemi sjóðsins.

Á síðustu árum hefur sjóðurinn styrkt þá félagsmenn FG sem hafa leyfisbréf eftir B.ed. próf til að ljúka meistaraáttindum, styrkt rannsóknir á starfi kennara, staðið að útgáfu á bókum, styrkt svæðafélög til að efla haustþing, greitt trúnaðarmönnum umbun, haldið alþjóðlega ráðstefnu á Flúðum, styrkt verkefni sem miðar að kennara- og nemendasamskiptum við Kanada og margt fleira.

Enn fremur skorar aðalfundur FG á ofangreinda aðila að kanna möguleika á því að auka tækifæri félagsmanna FG til að stunda starfsþróun. Ein leið væri að styrkja þá til að stunda starfendarrannsóknir, önnur leið að greiða þeim einhver laun svo þeir þurfi ekki að vera í 100% starfi samhliða námi eða jafnvel einhver allt önnur leið.

Aðalfundurinn leggur til að sjóðurinn styrki svæðafélög til að vinna í samstarfi við háskóla um fjárfundanámskeið og fyrirlestra. Stjórn sjóðsins, í samstarfi við stjórn FG, hefji samtal við háskólasamfélagið um aukið aðgengi félagsmanna FG að þeirra þjónustu.

Aðalfundurinn beinir því til sjóðsins að móta reglur og opna fyrir umsóknir sem eru hvetjandi fyrir félagsmenn FG til að sækja um í sjóðinn með það að markmiði að kynna góðar hugmyndir og þróunarverkefni sem þeir eru að nota í kennslu. Þeir kynna það á örnámskeiðum, á fundum og í fyrirlestrum, með kennurum og/eða nýtist kennurum á landsvísu, og fái fyrir það styrk úr sjóðnum verði umsóknin samþykkt.

Aðalfundurinn leggur til að nú þegar verði hafist handa við að kanna möguleika á að styrkja kennara til að taka þátt í kennaraskiptaáætlun við Kanada sem verið er að vinna að og verða þannig hluti af verkefni sem teygir sig til Nýja-Sjálands, Finnlands, Kanada og Ástralíu. Stjórn sjóðsins leitar leiða til að efna til samstarfs við fleiri lönd á svipuðum grunni.

Stjórn sjóðsins leiti leiða til að styðja við menntabúðir sem félagsmenn FG standa að.

Stjórn sjóðsins beiti sér fyrir því, og greiðir fyrir, að stofnaður verði gagnabanki sem vistaður verður á heimasíðu FG og þannig verði þau verkefni sem eru styrkt aðgengileg öllum félagsmönnum FG án kostnaðar fyrir þá.